

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Neskaupstað 1996.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Neskaupstað, sbr. c. lið 1. gr. samþykktar nr. 303/1992 um hundahald í Neskaupstað, skal vera kr. 6.700 á árinu 1996.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 5. gr. ofangreindrar samþykktar skal vera kr. 3.000 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 6.000 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með sóðari breytingum til að gilda fyrir árið 1996.

Umhverfiráðuneytinu, 8. mars. 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um gjaldskyld bílastæði.

Borgarráð Reykjavíkur, að fenginni tillögu umferðarnefndar Reykjavíkur, ákvað eftirfarandi á fundi sínum 19. desember síðastliðinn, með tilvísun til 83. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987 og 1. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku frá febrúar 1988:

Almenn bílastæði við eystri götukant Fríkirkjuveggar frá Skothúsvegi að Lækjargötu verði gjaldskyld. Notaðir verða alls þrír miðamælar með tímagjaldi til samræmis við staðsetningu stæðanna, á gjaldsvæði 2, nú 40 krónur á klukkustund. Með þessu stækkar hið skilgreinda gjaldtökusvæði sbr. samþykkt borgarráðs 28. janúar 1992 sem nemur götukaflanum á Fríkirkjuvegi milli Skothúsveggar og Skálholtsstígs.

Ákvörðunin tekur gildi nú þegar.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 8. janúar 1996.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.